

**Nd.**

**69. Frumvarp**

til myntlaga.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Fyrir Ísland skulu slegnar sjerstakar myntir úr málmum. Skal gull agt til grundvallar í myntkerfinu, en skiftimyntir slegnar úr silfri og ódýrum málmum.

2. gr.

Slegnar skulu 2 höfuðmyntir, önnur þannig, að 124 innihaldi eina metþúsund (eitt kílógram) af skiru gulli, hin þannig, að 248 innihaldi eina metþúsund (eitt kílógram) af skiru gulli.

Einn tuttugasti hluti af fyr nefndu myntinni eða einn tíundi af hinni síðar nefndu er reikningseining í myntkerfinu og nefnist króna. Krónan skiftist í 100 aura.

3. gr.

Gullmyntirnar skulu slegnar úr myntgulli, sem er blendingur af 90 þyngdareiningum af skiru gulli og 10 jöfnum þyngdareiningum af eiri.

Gullmynt, sem inniheldur 20 kr., skal því vega 8,9606 met (grömm), og sú, sem inniheldur 10 krónur, 4,4803 met (gr.).

20 kr. gullpeningur skal vera 23 þúsundstikur (millimetrar) að þvermáli og 10 kr. gullpeningur skal vera 18 þúsundstikur (millimetrar) að þvermáli.

4. gr.

Skiftimyntirnar skulu slegnar úr silfri sumar, blönduðu eyri, eftir þeim þyngdarhlutföllum, er leiðir af ákvæðunum í 5. gr. um þyngd og silfurmegn hverrar einstakrar mynttegundar, og úr bronsi sumar, blendingi úr 95 þyngdareiningum af eiri, 4 af tini og 1 af sinki.

5. gr.

Af silfurmyntum má slá þær gerðir, er að neðan greinir, og skulu þær hafa þá stærð, þyngd og silfurmegn, sem ákveðið er um hverja þeirra:

|                             | Þvermál      | Þyngd        | Silfurmegn   |
|-----------------------------|--------------|--------------|--------------|
| a. Ein, sem gildir 2 krónur | 31 þst. (mm) | 15 met (gr.) | 12 met (gr.) |
| b. — — — 1 krónu.           | 25 — —       | 7,5 — —      | 6 — —        |
| c. — — — 25 aura .          | 17 — —       | 2,42 — —     | 1,482 — —    |
| d. — — — 10 aura .          | 15 — —       | 1,48 — —     | 0,58 — —     |

6. gr.

Af bronsimyntum má slá neðangreindar gerðir, er skulu hafa þá stærð og þyngd, sem ákveðin er um hverja fyrir sig:

|                                     | Þvermál      | Úr 1 kílógr. af bronsi skulu slegnar |
|-------------------------------------|--------------|--------------------------------------|
| a. Ein, sem gildir 5 aura . . . . . | 27 þst. (mm) | 125                                  |
| b. — — — 2 aura . . . . .           | 21 — —       | 250                                  |
| c. — — — 1 eyri . . . . .           | 16 — —       | 500                                  |

7. gr.

Nú næst ekki fullkomin nákvæmni í þyngd og gull- eða silfurmegni hvernar einstakrar myntar, og má munurinn frá rjettri þyngd og skirleika, of eða van, ekki fara fram úr:

|                             | að þyngd                          |  | að skirleika            |
|-----------------------------|-----------------------------------|--|-------------------------|
|                             | við löggilding hvernar einstakrar | við löggilding í metþús.tali (kilógr.) | af þyngd hvernar myntar |
| í 20 króna peningunum . .   | 0,0015                            | »                                      | } 0,0015 skirs gulls    |
| - 10 — — — . . .            | 0,002                             | »                                      |                         |
| - tvíkrónunum . . . . .     | 0,003                             | »                                      |                         |
| - krónupeningunum . . . . . | 0,005                             | »                                      | } 0,003 skirs silfurs   |
| - 25-eyringunum . . . . .   |                                   | 0,01                                   |                         |
| - tæyringunum . . . . .     |                                   | 0,015                                  |                         |

Við sláttu gullmynta skal þess þó gætt, að þyngdarskakkinn fari ekki fram úr 5 metum (gr.) á hverjum 10 metþúsundum (kgr.) myntgulls.

8. gr.

Allar skulu myntirnar slegnar með hafinni rönd beggja vegna. Gullmyntir og silfurmyntirnar allar, nema 25-eyringar og tæyringar, skulu vera gáróttar utan á röndinni, en 25-eyringar og tí-eyringar og allar bronsimyntirnar skulu vera sljettar á rönd. Áletranirnar skulu sýna glögglega gildi hvernar myntar að krónutali og auratali. Enn fremur skal það sjást á hverri mynt, að hún sje slegin handa Íslandi, í hvaða myntsláttu hún sje slegin og hvaða ár. Að öðru leyti ákveður konungur útlit og áletranir myntanna.

9. gr.

Myntir þær, sem slegnar eru samkvæmt framangreindum ákvæðum, skulu vera, með takmörkunum þeim, er settar eru í 10. gr., löglegur gjald-eyrir samkvæmt áletruðu gildi sinu, bæði til ríkissjóðs og manna í milli, hafi þær ekki orðið fyrir mjög grófum eða ólöglegum skemdum.

10. gr.

Enginn skal skyldur til að taka á móti til einnar greiðslu meira en 20 krónum í krónupeningum og tvíkrónum, 5 krónum í smærri silfurpeningum, nje 1 krónu í bronsipeningum. Þó skal sjerhverri upphæð í krónupeningum og tvíkrónum veitt móttaka upp í greiðslu skatta og annara gjalda til ríkissjóðs og sýslu-, bæjar- eða sveitarsjóða.

Þá er gullmyntir hafa ljettst af slitum um meira en  $\frac{1}{2}\%$  af þeirri þyngd, sem þær eiga að hafa eftir 3. gr., hætta þær að vera löglegur gjald-eyrir manna

í milli, en halda áfram að gilda samkvæmt áletrudu gildi sínu í greiðslum til rikissjóðs.

Skiftimyntir hætta þá fyrst að vera löglegur gjaldeyrir til rikissjóðs, er þær eru orðnar svo slitnar, að ekki verður sagt um það með vissu, fyrir hvaða ríki þær hafi verið slegnar, en þær hætta að vera löglegur gjaldeyrir til allra annara þegar er mót þeirra er orðið ógreinilegt.

Þær myntir, sem eru ekki lengur löglegur gjaldeyrir til hvers sem vera skal, má stjórnin ekki setja í umferð aftur. Hún má ekki heldur setja í umferð á ný þær silfurmyntir, sem eru 4% eða meira undir rjetttri þyngd. Skulu lögreglustjórar, Landsbankinn og útibú hans skyld til að halda eftir svo slitnum myntum, sem að framan greinir, bæði höfuðmyntum og skiftimyntum, og senda þær til ríkisfjehirðis, og er stjórninni falið að semja svo um við Íslandsbanka og aðrar peningastofnanir, eftir því sem ástæða virðist til, að þessi skylda nái einnig til þeirra.

Forstöðumenn löggildingarstofu og myntasafns ríkisins skulu úrskurða um gjaldgengi mynta, ef ágreiningur verður.

Fjármálaráðherra er heimilað að greiða fult endurgjald fyrir skemdar og falsaðar myntir, sje öll ástæða til að ætla, að handhafi þeirra hafi veitt þeim viðtöku í fullu trausti til gjaldgengis þeirra og gætt almennrar varkárni við móttöku þeirra.

#### 11. gr.

Sjerhverjum skal gert unt, helst í öllum kaupstöðum landsins, að fá hverri upphæð, er vera vill, af þeim myntum, sem samkvæmt 10. gr. eru löglegur gjaldeyrir til rikissjóðs eins, skift í jafna upphæð í samskonar gjaldgengri mynt, og að fá skift í höfuðmynt sjerhverri upphæð í skiftimynt, sem deilanleg er með 10 krónum.

#### 12. gr.

Öll myntslátta fer fram eftir beinni stjórnarráðstöfun og má ekki verða framkvæmd af einstökum mönnum nje fengin þeim í hendur með neinum leigusamningi nje á annan hátt.

Öllum skal unt að fá slegnar höfuðmyntir fyrir afhent gull, gegn 1/4% gjaldi af virði þess gulls í slegnum 20 króna gullmyntum og 1/3% af virði þess í slegnum 10 króna gullmyntum fyrir sláttuna. Að öðru leyti skal enginn sláttuskattur greiddur.

Stjórnin ákveður öll nánari skilyrði með tilliti til þess, hversu það gull skuli vera mikið eða lítið, er menn geti þannig afhent til sláttu, hversu skirt og á sig komið að öðru leyti.

Skiftimynt er slegin fyrir hönd rikissjóðs einvörðungu.

#### 13. gr.

Reikningseining sú, sem hjer er ákveðin, skal viðhöfð í öllum opinberum skýrslum og reikningum.

#### 14. gr.

Meðan helst myntsamband það, sem komið kann að verða á við Dan-

mörk, Noreg og Svíþjóð samkvæmt 17. gr., skulu ákvæðin í 9.—11. gr. þessara laga jafnframt gilda um þær myntir, sem slegnar eru í þeim löndum samkvæmt ákvæðunum um myntsambandið, og ákvæði 11. gr. enn fremur í 2 ár eftir að því myntsambandi hefir verið slitid.

Hegningar þær, sem ákveðnar eru í 266. gr. í alm. hegningarlögum frá 25. júní 1869, fyrir að búa til eftirmynd danskra peninga eða bankaseðla, skulu jafnframt liggja við fyrir að búa til eftirmynd þeirra íslenskra mynta, sem slegnar eru samkvæmt lögum (sbr. og 5. gr. í lögum um stofnun Landsbanka, frá 18. sept. 1885).

Á meðan ofangreint myntsamband helst, skulu sömu hegningar jafnframt liggja við, þegar slíkir glæpir eru drýgðir með tilliti til þeirra mynta norskra og sænskra, er greindar eru og heimilaðar í samningunum um myntsambandið.

#### 15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að byrja þegar í stað á að láta slá myntir eftir framangreindum ákvæðum og tiltaka þær, sem hagfeldast kann að þykja að hafa á reiðum höndum af þeim mynttegundum, sem greindar eru í 2., 5. og 6. gr. Eru myntirnar þegar gjaldgengar, er stjórnin lætur þær af hendi í umferð.

#### 16. gr.

Á meðan eru í fullu gildi og umferð myntir þær, sem slegnar hafa verið í Danmörk, Noregi og Svíþjóð úr nikkeli og járn, í stað silfur- og brónsi-myntar, er ríkisstjórninni heimilt að láta slá og láta vera í umferð íslenskar skiftimyntir úr nikkeli, járn eða öðrum málmum, eftir þeim reglum, er hún setur þar um og konungur staðfestir. Skulu þær myntir mótaðar á sama hátt og með sömu stærð að þvermáli og tilsvareandi myntir úr silfri og brónsi, en jafnframt auðkendar með frábrugðinni gerð á röndinni.

#### 17. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við ríkisstjórnirnar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um samskonar myntsamband milli Íslands og þeirra og nú er milli þeirra ríkja innbyrðis.

#### 18. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### Á s t æ ð u r .

Í 9. gr. sáttmálans milli Íslands og Danmerkur segir svo: »Ef Ísland kynni að óska að stofna eigin peningasláttu, verður að semja við Svíþjóð og Noreg um það, hvort mynt sú, sem slegin er á Íslandi, skuli vera viðurkendur löglegur gjaldeyrir í þessum löndum«. Þessa samninga átti að gera þegar í stað og allar aðrar ráðstafanir, er sáttmálinn hefir í för með sjer, rjett skilinn. En nú hafa þeir dregist úr hófi fram, og slíkt hið sama að setja á stofn íslenska myntsláttu. Frv. þetta er fram komið til þess að bæta úr þessu. Höfundur þess er

Matthías fornmenjavörður Þórðarson, og er það samið svo, að það er í samtæmi við myntlög þeirra þriggja þjóða, sem vjer ætlum oss að vera í myntsambandi við.

Þess skal getið, að vjer getum vel haft eigin myntsláttu án þess að leggja í kostnað til þess að setja á fót myntsmiðju hjér þegar í stað. Megum vjer vel gera það að dæmi Finna, að láta aðra vinna verkið fyrir oss, svo sem þeir gerðu, er þeir fengu dōnsku myntsmiðjuna til þess starfa.